



Fjölbrotaskóli Vesturlands

LKN1036 Námsáætlun, vorönn 2017

Kennari:
Dröfn Guðmundsdóttir

Netfang:
drofng@fva.is

Lýsing:

Námið er einstaklingsmiðað fyrir nemendur sem allir eru af erlendu bergi brotnir of hafa verið hér á landi í mislangan tíma. Hluti nemenda er í almennu íslenskunámi og koma í LKN til að fá stuðning við það. Annar hluti nemenda er tiltölulega nýkominn til Íslands og er í markmiðuðu íslenskunámi.

Námsgögn:

Íslenska fyrir alla 2
Kvikmyndir, textar, greinar o.fl. frá kennara.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Áfanginn er ætlaður nemendum með íslensku sem annað mál. Í lok áfanga skulu nemendur hafa bætt verulega orðaforða sinn í íslensku og skilning á íslensku tal- og ritmáli. Nemendur í markmiðuðu íslenskunámi skulu

- geta skilið einfaldar upplýsingar í tengslum við ýmsar nauðsynjar og geti fylgt almennum leiðbeiningum.
- geta lesið og skilið stuttar, einfaldar fréttir, samtöl og persónuleg bréf.
- geta skilið og tileinkað sér orðaforða í fréttum og fréttatengdu efni.
- geta hraðlesið einfalda íslenska texta og skilið samhengi
- kunna algengustu sagnir og persónubeygingar þeirra í nútíð og þátíð
- kunna almennar beygingarmyndir algengra íslenskra nafn- og lýsingarorða.

Námsmat:

Áfanginn er lokaprófslaus og því mikil áhersla lögð á virkni og vinnu nemenda í tímum sem og mætingu. Könnunarpróf verða haldin á önninni og nemendur vinna ýmis verkefni sem gilda til lokaeinkunnar.



Fjölbrautaskóli Vesturlands

LKN1036

Námsáætlun, vorönn 2017

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Á vorönn 2017 er áfanginn í E stokki sem þýðir að hann er einungis kenndur 3,5 tíma á viku (meðaltal). Fram til 8.mars er áfanginn kenndur 4 tíma á viku en upp frá því 3 tíma á viku.